

FÉLAGSSAMNINGUR FYRIR SAMLAGSFÉLAG

Undirritaðir aðilar gera með sér svofelldan samning um samlagsfélag, samkvæmt lögum nr. 42/1903 um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð.

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

- 1.1 Heiti félagsins er **XXXXX**
- 1.2 Heimili félagsins og varnarþing er að **X-gata, póstnúmer og staður.**
- 1.3 Tilgangur félagsins er...*(hér þarf að lýsa tilgangi félagsins)*

2. Félagsmenn – eignarhlutföll – ábyrgð.

- 2.1 Aðili með ótakmarkaða ábyrgð – ábyrgðaraðili

Nafn, kennitala, heimilisfang	90 % hlut
--------------------------------------	------------------
- 2.2 Aðili með takmarkaða ábyrgð – samlagsaðili

Nafn, kennitala, heimilisfang	10 % hlut
--------------------------------------	------------------
- 2.3 Hin takmarkaða ábyrgð samlagsaðila takmarkast við framlag aðilans í stofnfé.
(Sé stofnfé 0 kr. skal grein 2.3 í heild sinni orðast svo: Hin takmarkaða ábyrgð samlagsaðila takmarkast við krónur xxxxx.)

3. Stofnfé, skipting kostnaðar, hagnaðar og tekna.

- 3.1 Stofnfé er **X kr. (hér skal setja upphæð, frá 0 kr.)**
- 3.2 Hagnaði og tapi af almennum rekstri félagsins skal skipt milli félagsmanna í samræmi við framangreind eignarhlutföll en einnig að teknu fullu tilliti til vinnuframlags en þó takmarkast ábyrgð samlagsfélagsaðila við tiltekna fjárhæð sbr. grein 2.3.
- 3.3 Hlutur hvers félagsmanns í féluginu verður ekki tekinn fjárnámi eða kyrrsettur til tryggingar skuldum, sem eru óviðkomandi rekstri félagsins.
- 3.4 Félagsmenn mega ekki veðsetja eignarhlut sinn í féluginu.

4. Skattskylda félagsins.

- 4.1 Félagið er **sjálfstæður/ósjálfstæður skattaðili (veljið annað hvort)**

5. Starfsemi félagsins.

- 5.1 Heimilt er að kjósa stjórn. Hlutverk stjórnarinnar er að koma fram gagnvart yfirvöldum og þriðja aðila, m.a. skal stjórn sjá til þess að án ástæðulauss dráttar séu sendar allar tilkynningar til firmaskrár er félagið varða. Að öðru leyti er stjórnun félagsins í höndum lögmætra félagsfunda. Séu fleiri en einn aðili í stjórn skal kjósa formann stjórnar. Stjórnarfundi skal halda eftir þörfum og til þeirra boðað með hæfilegum fyrirvara. Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna sitja fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum en ef atkvæðagreiðsla er jöfn ræður atkvæði formanns.
- 5.2 Undirskrift ábyrgðaraðila skuldbindur félagið. Sé ábyrgðaraðili lögaðili skuldbindur undirskrift meirihluta stjórnar ábyrgðaraðila félagið. Félagsmenn eða stjórn geta veitt prókúru til einstakra aðila.
- 5.3 Lögmætir félagsfundir hafa vald í öllum málefnum félagsins. Afl atkvæða ræður ákvörðun og er atkvæðisréttur í samræmi við tilgreind eignarhlutföll í 1. gr. Aðalfund skal að jafnaði halda fyrir lok maí mánaðar ár hvert. Á aðalfundi skal taka fyrir þessi mál:
- Flutt skýrsla um rekstur liðins árs.
 - Lagðir fram ársreikningar félagsins til afgreiðslu.
 - Kjósa stjórn, sé hún kosin.
 - Önnur mál.
- 5.4 Félagsfundir er ekki lögmætir nema allir ábyrgðaraðilar eða fulltrúar þeirra með löglegt umboð sitji fundinn. Sé stjórn til staðar boðar stjórnarformaður til félagsfundar annars sér ábyrgðaraðili um boðun félagsfundar. Boða skal félagsfund með sannanlegum hætti með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Aðalfund skal þó boða með viku fyrirvara og er hann lögmætur ef allir ábyrgðaraðilar sækja hann. Boða skal til aðalfundar krefjist einhver af félagsmönnum þess og skal senda út fundarboð innan viku frá því að krafan kom fram.
- 5.5 Nú mætir ekki einhver ábyrgðaraðili til löglega boðaðs félagsfundar og skal þá boða að nýju til félagsfundar með sannanlegum hætti og a.m.k. þriggja sólarhringa frá fyrri félagsfundi. Sá fundur verður lögmætur þótt einungis einn félagsmaður sitji fundinn og skal taka það fram í fundarboðinu. Afl atkvæða ræður ákvörðun þó einungis einn félagsmaður sitji hann.

6. Ársreikningar.

- 6.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Félagið skal halda lögskilt bókhald og gefa út ársreikning.

7. Uppsögn samnings, félagsslit, sala eignarhluta.

- 7.1 Sala á eignarhluta í féluginu í heild eða að hluta er ekki heimil nema með samþykki allra félagsmanna.
- 7.2 Slíta skal féluginu samþykki allir félagsmenn slit.
- 7.3 Samningi þessum má breyta með samþykki meirihluta ábyrgðaraðila á lögmætum félagsfundi. Jafnframt geta ábyrgðaraðilar er fara með 2/3 hluta atkvæða á lögmætum félagsfundi samþykkt að taka nýja aðila inn í félagið.

8. Önnur mál.

- 8.1 Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir þeim héraðsdómi er hefur starfssvæði þar sem lögheimili félagsins er.

Þannig samþykkt
Staður og dagsetning

Undirskriftir félagsmanna